

BLUE LAGOON
ICELAND

	Reykjanesbær <i>AJG</i>
Mott	29.05.2019
Lykill	16.03
Málsnr.	2019060015
Abm.	GHS

Grindavík 24. maí 2019

Kæru bærarstjóri og bæjarráð Reykjanesbæjar,


Bláa Lónið (BL) og Reykjanesbær hafa átt gott samstarf um ýmis samfélagsverkefni á undanförunum árum. Sem kunnugt er hefur BL áhuga á að standa enn betur að margvíslegu samstarfi við Reykjanesbæ á komandi árum og vísast þar m.a. til samkomulags um jarðvangssvæðið á horni Grindavíkurvegjar og Reykjanesbrautar frá 2017 og víðtæks samkomulags við Reykjanes Geopark sem undirritað var í maí s.l.

Í samræmi við það vinnur nú BL m.a. að úrvinnslu hugmynda um Þjónustumiðstöð við Reykjanesvita. Allir virðast sammála um að þar er forgangsmál að koma strax á salernisaðstöðu. BL hefur boðist til að sinna strax uppsetningu þess og hefur þegar ráðið starfsmann sem m.a. mun sinna þrifum og eftirliti með þeim. Vatnslögn á svæðið er að sjálfsögðu forsenda þjónustumiðstöðvar og vatnssalerna. Því er nú lögð áhersla á að Reykjanesbær sjái til þess að vatni sé komið á svæðið.

Við höfum átt ágætar viðræður við Guðlaug Sigurjónsson, forstöðumann Umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins og Sigurgest Guðlaugsson, verkefnisstjóra viðskiptaróunar hjá Reykjanesbæ. Þeir eru því mjög vel kunnugir aðstæðum og lausnum sem unnt er að leggja til.

Vonast er eftir að bærinn bregðist fljótt við svo unnt sé að koma salernisaðstöðu fyrir á svæðinu strax í sumar.

Virðingarfyllt,



Grímur Sæmundsen
Forstjóri Bláa Lónsins